

Ed.

## 24. Frumvarp til laga

[24. mál]

um breyting á lögum nr. 75 frá 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

### 1. gr.

2. töluliður 4. gr. laganna orðist svo:

Álag á söluvörur landbúnaðarins:

1% árin 1971—1975

0.75% árin 1976—1980

0.50% árin 1981—1985

0.25% árin 1986—1990.

Álag þetta skal ákvarða og innheimta á sama hátt og búnaðarsjóðsgjald, samkvæmt lögum nr. 38 15. febrúar 1945.

1. og 2. málslíður 4. töluliðs 4. gr. laganna orðist svo:

Gjald á útsöluverð mjólkur og rjóma og á heildsöluverð annarra landbúnaðarvara, er skal nema sem svarar 0.75% til ársloka 1980, 0.50% árið 1981—1985, og 0.25% árin 1986—1990 af verði sömu afurða samkvæmt verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara á hverjum tíma. Við ákvörðun gjaldsins á vörum unnum úr afurðum í verðlagsgrundvelli, reiknast hinar síðarnefndu á grundvallarverði að viðbættum þeim hundradshluta sem segir í 1. málslíð þessa töluliðs.

### 2. gr.

Á eftir 22. gr. laganna komi ný grein, er verður 23. gr., og breytist greinatalan í samræmi við það svo hljóðandi:

Stofnlánadeild landbúnaðarins greiðir Lífeyrissjóði bænda á tímabilinu 1. janúar 1971 til 1. janúar 1986 fé til lífeyrisgreiðslna samkvæmt 17. gr. og 18. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda, er nemur 37.5% árlegra lífeyrisgreiðslna.

Einnig greiðir deildin Lífeyrissjóði bænda framlag samkvæmt 6. gr. þeirra laga í eitt ár í senn, ef árlegar tekjur sjóðsins hrökkva ekki fyrir árlegum útgjöldum hans, enda á Stofnlánadeild landbúnaðarins rétt á lánum, er nemi 10% af árlegum iðgjöldum og framlögum í sjóðinn fyrstu 15 starfsár hans.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1971.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið og gert til samræmis við ákvæði í frumvarpi til laga um Lífeyrissjóð bænda, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi.

Í frumvarpi að lögum um Lífeyrissjóð bænda er gert ráð fyrir að bændur greiði sjálfir í sjóðinn 4% iðgjald af tryggðum tekjum, en álagningargrundvöllur verði framleiðsluverðmæti búans. Samkvæmt lögum nr. 38/1945 greiða bændur búnaðarsjóðsgjald 1% af brúttóframleiðsluverðmæti landbúnaðarvara og 1% stofnlánasjóðsgjald af sama stofni. Hér er um slíka gjaldabyrði að ræða, að vegna framangreindrar iðgjaldagreiðslu ber nauðsyn til að afnema stofnlánasjóðsgjaldið í áföngum fram til ársins 1990. Til samræmis við þessa tillögu er gert ráð fyrir að framlag ríkissjóðs til stofnlánadeildarinnar lækki hlutfallslega, svo og gjald af söluverði landbúnaðarins samkvæmt 4. tölulið 4. gr. laganna.

Með lífeyrissjóðsfrumvarpinu er gert ráð fyrir, að Stofnlánadeildin greiði um 15 ára skeið 37.5% lífeyris þess, sem greiddur verður öldruðum bændum á tímabilinu 1. jan. 1971 til 1. jan. 1986, og auk þess er henni ætlað að taka bakábyrgð á greiðslum sjóðsins um lengri tíma skv. 6. gr. þess frumvarps. En í staðinn er gert ráð fyrir, að deildin fái 10% af árlegum tekjum lífeyrissjóðsins að láni, svo að útlánamöguleikar hennar skerðist ekki. En auk þess mundi fé lífeyrissjóðsins verða ávaxtað að mestu í Búnaðarbanka Íslands og mundi hann þá líka geta hlaupið frekar undir bagga með stofnlánadeildinni með lánveitingum til hennar, ef deildina skortir fé til útlána.